

# Nýtt á Íslandi: eigin staður í Reykjavík fyrir fólk sem býr annars staðar

Heimkoma gerir fólki á landsbyggðinni og Íslendingum erlendis kleift að eignast einn af átta hlutum í fullbúinni íbúð og fá sex vikur eða 42 daga á ári.

## HELSTU ATRIÐI

- Nýjung á Íslandi: átta eigendur eiga saman fullbúna íbúð í Reykjavík.
- Hver eigandi á einn af átta eignarhlutum og fær sex vikur eða 42 daga á ári.
- Fyrsta íbúðin er þegar keypt á Hek lureit við Laugaveg 170; afhending er áætluð snemma árs 2027.
- Lausnin er sérstaklega hugsuð fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins og Íslendinga erlendis sem koma reglulega til Reykjavíkur.
- Heimkoma sér um bókunarkerfi, rekstur, viðhald og endurnýjun húsbúnaðar.
- Minni fjárbinding og lægri rekstrarkostnaður en við kaup og rekstur á heilli íbúð.

Heimkoma kynnir Heimkomu Reykjavík, nýja íslenska leið að sameiginlegu eignarhaldi á íbúð í borginni. Í stað þess að greiða fyrir gistingu ferð eftir ferð eða kaupa heila íbúð sem stendur oft ónotuð getur fólk eignast þann hluta sem samsvarar notkuninni.

## HEIMKOMA REYKJAVÍK

„Fólk á landsbyggðinni og Íslendingar erlendis hafa hingað til oft þurft að velja á milli endurtekens gistikostnaðar, heillar íbúðar sem stendur lítið notuð eða þess að leggjast upp á ættingja og vini til að fá gistingu og fórna þar með næði, oft öllum til ama. Heimkoma Reykjavík bætir við nýjum valkosti: að eiga sinn eigin stað í borginni í samræmi við notkunina.“

Hörður Harðarson  
framkvæmdastjór  
í Heimkomu

## Svona virkar Heimkoma Reykjavík

Kaupandi eignast einn af átta hlutum í fasteigninni og fær sex vikur eða 42 daga á ári. Bókanir fara fram í einföldu kerfi samkvæmt sameiginlegum reglum. Þetta er ekki áskrift eða time-share heldur raunverulegur eignarhlutur. Eigandinn getur selt hlutinn þegar honum hentar, á því verði sem hann ákveður, og nýtur þeirrar verðhækkunar sem orðið hefur.

Íbúðin verður fullbúin með húsgögnum, heimilistækjum og húsbúnaði. Heimkoma sér um rekstur, eftirlit og viðhald, þar með talið að endurnýja búnað og húsmuni þegar þeir slitna eða eldast.

## Minni fjárbinding og lægri rekstur

Fyrir fólk sem þarf aðstöðu í borginni hluta ársins getur fyrirkomulagið sparað verulegar fjárhæðir, bæði við kaupun og í rekstri. Kaupandinn fjárfestir í einum af átta hlutum í stað heillar íbúðar og bindur því mun minna fjármagn. Rekstrar-, viðhalds- og endurnýjunarkostnaður dreifist á eigendurna og eigin staður getur dregið úr endurteknum gistikostnaði í Reykjavík.

Eigendur geta nýtt dagana sjálfir eða leyft nánum fjölskyldumeðlimum að nota íbúðina. Möguleg útleiga fer eftir sameiginlegum reglum Heimkomu.

**HEIMKOMA REYKJAVÍK**

## Fyrsta íbúðin á Heklureit

Fyrsta íbúðin hefur þegar verið keypt í nýbyggingu á Heklureit við Laugaveg 170. Heimkoma valdi að vinna með Heklureitnum vegna reynslu og áreiðanleika byggingaraðilans og orðspors hans fyrir gæði, sem samræmist kröfum Heimkomu. Einnig var horft til miðlægrar staðsetningar, vandaðrar hönnunar og góðs efnisvals. Afhending er áætluð snemma árs 2027.

Heimkoma Reykjavík getur einnig hentað fyrirtækjum sem senda starfsfólk reglulega til borgarinnar.

## Um Heimkomu

Heimkoma er íslenskt fyrirtæki sem þróar og rekur lausnir fyrir sameiginlegt eignarhald á vönduðum, fullbúnum fasteignum.

## Nánari upplýsingar

Nánar um Heimkomu Reykjavík og skráning áhuga: [heimkoma.app/reykjavik/](https://heimkoma.app/reykjavik/)

**FJÖLMIÐLATENGILIÐUR**

Hörður Harðarson  
Framkvæmdastjóri og talsmaður Heimkomu

+354 647 6000  
[hordur@heimkoma.app](mailto:hordur@heimkoma.app)